

Nd.

437. Nefndarálit

[133. mál]

um frv. til l. um Fiskiðju ríkisins.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og fengið um það nokkrar umsagnir.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Leggur einn nefndarmanna, Lúðvík Jósefsson, til, að frumvarpið verði samþykkt, en aðrir nefndarmenn leggja til, að það verði fellt.

Frumvörp um þetta mál hafa verið flutt á undanförunum þingum, en þá ekki orðið útrædd.

Unnið er nú að endurskipulagningu niðurlagningarverksmiðjunnar á Siglufirði, og er gert ráð fyrir að fá henni sérstaka stjórn og sjálfstæðan fjárhag. Mun sérstakt frumvarp verða flutt um verksmiðjuna. Vegna þeirrar starfrækslu er frumvarp þetta því óþarft, og að öðru leyti er meiri hlutinn andvígur efni þess og leggur því til, að það verði fellt.

Alþingi, 1. marz 1971.

Birgir Finnsson,
form.

Pétur Sigurðsson.

Eyjólfur Konr. Jónsson,
fundaskr., frsm.

Guðl. Gíslason.

Jón Skaftason.

Björn Pálsson.